



19.11.10
Spjall. Ösendis til
nefndarinnar ~~~~~ álitamál
Re: Fw: Nýr fundartími; kl. 13:30 á mánudag, 22. nóvember um
endurreikning bílalána + drög lista yfir álitamál [*]

Brynjar.Olafsson o Gísli Tryggvason

18.11.10 14:38

Cc: hjalti.halldorsson

Alþingi
Erindi nr. P 139/536
komudagur 19.11.2010

[Hide Details](#)

From: Brynjar.Olafsson@ums.is
To: Gísli Tryggvason <gt@tn.is>
Cc: hjalti.halldorsson@ums.is

[Sort List...](#)

Sæll Gísli,

Listinn hjá þér vandaður.

Þær viðbætur (lítaðar bláar) sem ég færði inn eru þá frekar hugsaðir til nánari skýringar, með von um að flýta vinnunni.

Kær kveðja,
Brynjar

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans innihalda upplýsingar sem eingöngu eru ætlaðar þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Óheimil meðferð tölvupósts þessa og viðhengja hans, s.s. lestur, áframsending, dreifing eða nýting efnis tölvupóstins á nokkurn hátt, getur varðað skaðabóta- og refsíabýrgð samkvæmt lögum um fjarskipti. Sé tölvupósturinn ekki ætlaður yður þá vinsamlegast tilkynnið það til sendanda og eyðið skeytinu.

The e-mail and its attachments may contain confidential and/or privileged material only intended only for the person or entity to which it is addressed.

Gísli Tryggvason
<gt@tn.is>

To brynjar.olafsson@ums.is
cc

18.11.2010 13:23

Subjec Fw: Nýr fundartími; kl. 13:30 á mánudag, 22. nóvember um endurreikning bílalána + drög lista t yfir álitamál [*]

----- Forwarded by Gísli Tryggvason/Neytendastofa on 18.11.10 13:25 -----

From: Gísli Tryggvason/Neytendastofa
To: asta.helgadottir@ums.is, thordisbs@simnet.is, fridrik@ark.is, oli@ikon.is, villi@husid.is
Date: 17.11.10 18:23
Subject: Nýr fundartími; kl. 13:30 á mánudag, 22. nóvember um endurreikning bílalána + drög lista yfir álitamál [*]

Kæru félagar.

Takk fyrir góðan fund hjá umboðsmanni skuldara í gær.

Nýr fundartími vegna endurreiknings bílalána og tengdra álitafna var ræddur við ykkur í dag (eða skilaboðum komið til ykkar) vegna fundarboðs nefndasviðs Alþingis til mín, HH, SFF og et.v. fleiri á sama tíma á föstudagsmorgun; því legg ég til að við hittumst hér hjá mér, í Höfðaborg, Borgartúni 21, á mánudag, t.d. kl. 13:30. Ég er búin að láta GR hjá SFF vita og bið ykkur að láta FÍB og FME vita.

Hér eru svo drög að lista, sem ég lofaði, yfir þau álitamál sem við ræddum í gær (auk fleiri sem ég hef hugsað eða fengið ábendingar um) og koma þarf í farveg, t.d.

- frumvarp ÁPÁ um gengislán eða
- samningaferli við SFF eða aðra eða
- erindi til stjórnvalda eða
- eða hugsanlegt álit óvilhalls hrl./fræðimanns, jafnvel 2ja, e.t.v. ásamt með SFF (nokkur nöfn voru nefnd)
- tilmæli frá TN o.s.frv.

Drög listans eru ekki í forgangsröð og þarf sjálfsagt að flokka og bæta:

- Framkoma fjármálafyrirtækja við neytendur;
- Vörslusviptingarákvæði (burt);
- (ó)samræmi milli reikningsaðferða mismunandi fyrirtækja, einkum hvað varðar hvaða vexti eigi að nota skv. 4. gr. 1. nr. 38/2001; 1. málsl. eða 2. másl. þskj. 225 - 206. mál er ekki nægilega skýrt (sjá pkt 6)..
- vanhöld á reikningsgerð vegna vsk.skyldu;
- önnur skattaleg álitafni, t.d. að "leigutakar" / lántakar eru oft skráðir skattalegir eigendur;
- (ó)réttmæti þess að endurreikna 50/50-samninga, þar sem tiltekinn hluti (gjarnan helmingur) er verðtryggður í íslenskum krónum m.v. NEY og hluti með gengistrygginu; fullyrt er við suma neytendur að það sé hagstæðara fyrir þá (þ.e. að endurreikna ekki íslenska hlutann, eða þá m.v. 2. másl. 4. gr. 1. nr. 38/2001, á meðan gengistrygði hlutinn er endurreiknaður m.v. 1. másl. sömu greinar - í mörgum tilfellum er það reyndar hagstæðara);
- (ó)réttmæti þess að krefjast þess (eins og Íslandsbanki er sagður gera) í stað þess að líta svo á að eldri (ólögmætum / úreltum) skilmálum fyrirbyggandi samningssambands sé aðeins breytt eða þeir felldir brott (l. novatio). ;
- ef rétt sé að líta á sem nýjan samning (l. novatio) eigi þá ekki að framkvæma það þannig - svo sem framkvæma nýtt og raunhæft greiðslumat;
- óumbeðin lenging láns eins og Avant er sagt gera. Í þskj. 225 - 206. mál kemur fram í 5. mgr. 2. gr. að „skulu [...] upphaflegir eða síðar ákvarðaðir endurgreiðsluskilmálar gilda að því er varðar lánstíma, gjalddaga og aðra tilhögun á greiðslu skuldar [...]“. Jafnframt kemur fram í athugasemdum frumvarpsins við 5. mgr. 2. gr. að „[e]f kröfuhafi skuidar skuldara vegna þess að innborganir duga til að gera upp eftirstöðvar lánsins ber að greiða þá fjárhæð út en ella lækkar höfuðstóll og dreifast afborganir á honum miðað við upphaflega greiðsluskilmála láns eða það sem hefur verið ákvarðað síðar á annan hátt, t.d. með skilmálabreytingum eða einhliða ívilnunum lánveitenda sem skuldarar hafa ekki hafnað.“;
- afturvirknisálitamál, sbr. oftrædda 36. gr. samnl. og 14. gr. neytendalánslaga, sbr. hugmyndir um stofnanir EES;
- (ó)réttmæti þess að koma yfirleitt með bakreikning til neytenda, sem staðið hafa í skilum og efnt sínar skyldur frá upphafi í samræmi við kröfugerð lánveitenda (og umsamda skilmála) sem fleiri en einn hrl. hefur fullyrt í min eyru að fari í bága við meginreglur kröfuréttar (hvað þá neytendamarkaðsréttar) um fullnaðarkvittun og réttmætar væntingar; slíkt verði ekki byggt á fordæmisáhrifum hrd. frá 16.9.10 sem varðaði jú gjaldfellt lán í vanskilum (en oft er um að ræða fulefnda samninga í skilum);
- jafnvel þótt slík kröfugerð stæðist er enn meira álitamál hvort vaxtareikningur á slíka bak-kröfu stenst (en ég geri ráð fyrir að misskilningur sé að drv. hafi verið reiknaðir) Samkvæmt athugasemdum frumvarpsins við 5. mgr. 2. gr. kemur fram að „[k]röfuhafa [sé] óheimilt að

reikna dráttarvexti á það sem vangreitt kann að vera enda er ljóst að í öllum þorra tilvika hefur ekki verið höfð uppi lögmæt greiðsiukrafa og skuldari ekki haft forsendur til að reikna út afborganir og vexti miðað við það sem rétt er." Samkvæmt 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins kemur fram að „[f]rá höfuðstól og áföllnum vöxtum skal draga þær fjárhæðir sem inntar hafa verið af hendi fram að uppgjörstegi í vexti, hvers kyns vanskilaálögur og afborganir miðað við hvern innborgunardag.“ M.ö.o. kröfuhafa er heimilt að reikna áfallna vexti skv. 4. gr. l. nr. 38/2001 frá og með síðasta innborgunardegi.;

- réttmæti geymslugreiðslu (d. deponering) í ljósi ofangreindra - einkum síðustu 2ja - álitamála;
- óréttmæti vaxta-vaxtareiknings sem margir hafa bent á, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, þ.e. einungis á að reikna flata vexti á höfuðstól en ekki vaxtavext innan 12 mánaða (<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001038.html>)
- réttmæti vaxtareiknings að öðru leyti miðað við rétta tímamælingu, sbr. blogg MGN 28.10. sl.: (<http://marinogn.blog.is/blog/marinogn/entry/1110940/>), af reynslu þekki ég að venjan hefur þróast á alþjóðlegum fjármálamarkaði að reikna flata vexti á kröfur innan 12 mánaða, sbr. til máli <http://nordic.nasdaqomxtrader.com/digitalAssets/59/59923> Til máli Kauphallarinnar vardan di vaxtareglu vixla.pdf. Þetta gæti því orðið harður bardagi af því útgefendur vixla (FFT, og Lánamál ríkisins) greiða flata vexti til eigenda, og það hefur verið reynt að breyta reiknireglunni áður.
- álitaefni varðandi eigendaskipti á bílum (og oft skuidaraskipti); e.t.v. tekur frv. ÁPÁ á þessu, sjá 8. mgr. 5. gr. frumvarpsins og þá sérstaklega "[s]é aðili ekki lengur skuldari láns skal mismunur vegna greiðslna og leiðrétting höfuðstóls vegna ólögmætrar verðtryggingar koma til sérstaks uppgjörs. Sé aðili enn skuldari skal mismunur greiðslna færður á höfuðstól láns eða dreginn frá honum samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar greinar.";
- hvað með þegar (full)uppgerða samninga, tómlætisreglur, ábyrgð á ólögmæti og fullnaðarkvittun (keimlíkt pkt. ;
- réttur skv. lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (eftir ábendingu forstjóra Persónuverndar til TN);
- kröfur um nýja undirskrift ábyrgðarmanns;
- hugtakið eignarleigusamningur í frv. ÁPÁ;
- fordæmisáhrif hrdl. 16.6. og 16.9. sl. gagnvart fjármögnunarleigu og öðrum meintum "leigu" samningum;

Endilega sendið athugasemdir um það sem er of eða van - áður en ég sendi SFF listann, t.d. síðdegis á morgun, fimmtudag, eins og mér virðist lausarmiðað og gagnlegt; hafið þau áform endilega í huga við lestur og athugasemdir.

Til samannburðar set ég hér tengil á svipaðan lista sem ég safnaði saman í sumar strax og fljótt eftir hrd. 16.6. sl., m.a. eftir ábendingum frá öðrum og samölum við fulltrúa SFF:

<http://talsmadur.is/Pages/57?NewsID=1263>

Kveðja,

talsmaður neytenda, Gísli Tryggvason.

Hugleiddu umhverfið áður en þú prentar þetta tölvuskeyti.

Leitaðu réttar þíns á <http://neytandi.is>

Bent er á Leiðakerfi neytenda á <http://www.neytandi.is> þar sem neytendur geta með aðstoð gagnvirkar vefgáttar frá einum stað leitað réttar síns og upplýsinga – óháð stað og stund. Talsmaður neytenda má lögum samkvæmt ekki fjalla um einstök ágreiningsmál en leiðbeinir um færar leiðir og gildandi réttarreglur, m.a með aðstoð leiðakerfisins.

Talsmaður neytenda – Forbrugertalsmanden – The Consumer Spokesman;

<http://www.talsmadur.is>,

Höfðaborg, Borgartúni 21, 2. hæð, IS-105 Reykjavík; sími 510 11 21; fax 510 11 01;

gt@talsmadur.is

